

SAMNINGAR SJÓMANNA HJÁ VERK VEST VIÐ SFS

Samningar undirritaðir í febrúar 2017



FELLDI SAMNINGURINN

- ▶ Olían – hækkuð viðmið
- ▶ Verðmyndun á fiski, nýjar reglur
- ▶ Sjómannaafláttur – vilyrði um 500 kr. á dag án skatts ef samningur yrði samþykktur
- ▶ Fæðispeningar – hækkun
- ▶ Fatapeningar – hækkun
- ▶ Nýsmíði – sólarlagsákvæði
- ▶ Kaupliðir – hækkun
- ▶ Línubátaákvæði Grindvíkinganna
- ▶ Mönnunarmál – bókun
- ▶ Yfirferð á samningnum í heild sinni – bókun

KRÖFUR SFS EFTIR FELLDA SAMNINGINN

- ▶ Byrja á núllpunkti
- ▶ Semja fyrir hvern bátaflokk fyrir sig
- ▶ Vöruskipti
- ▶ Þátttaka sjómanna í veiðigjöldum
- ▶ 430% hækkun á hlut sjómanna í slysatryggingu

KRÖFUR SJÓMANNA EFTIR FELLDA SAMNINGINN

- ▶ Byggja ofan á fellda samninginn
- ▶ Sjómannaafslátturinn
- ▶ Olían, gólf sett í 73%
- ▶ Frítt fæði
- ▶ Frír hlífðarfatnaður
- ▶ Fjarskiptakostnaður skoðaður

FJARSKIPTAKOSTNAÐUR

- ▶ Um er að ræða notkun um gervihnött (skip með kúlu)
- ▶ Krafan var að fyrsta gb yrði gjaldfrjálst og svo myndum við semja um fast verð á notkun umfram það
- ▶ Niðurstaðan eftir samninga varð eftirfarandi:
 - ▶ Útgerð á og rekur búnað
 - ▶ Sjómenn greiða sannanlega notkun sína samkvæmt reikningi frá fjarskiptafyrirtæki
 - ▶ Fulltrúi sjómanna getur haft aðgang að reikningum
- ▶ Verið er að setja upp spegil í flest skip fyrir 3G og 4G þannig að ekki þurfti að semja um þann lið

HLÍFÐARFATNAÐUR TÖLUR

- ▶ Áætlað verðmæti þess magns sem um er samið er:
 - ▶ Frystiskip kr. 209.000 (þarf að vinna fyrir kr. 388.765 til að borga það úr eigin vasa)
 - ▶ Ísfiskskip kr. 147.000 (þarf að vinna fyrir kr. 273.438 til að borga það úr eigin vasa)
 - ▶ Línubátar kr. 112.000 (þarf að vinna fyrir kr. 208.333 til að borga það úr eigin vasa)
- ▶ Fatapeningar eru í dag kr. 7.598 á frystingu og kr. 5.843 fyrir aðra. Eftir skatt eru þessar tölur kr. 4.085 (kr. 49.020 á ári) og kr. 3.141 (kr. 37.692 á ári)

HLÍFÐARFATNAÐUR

- ▶ Okkar krafa er að hlífðarfatnaður sé frír
- ▶ SFS samþykkir kröfuna og samið hefur verið um það hámarksmagn sem hver sjómaður getur tekið út. Fatnaðurinn skal vera af viðurkenndri gerð.

FÆÐI EINS OG ÞAÐ ER Í DAG - DÆMI

- ▶ Gerum ráð fyrir að fæðið kosti kr. 2.100 á dag
- ▶ Fæðispeningar eru kr. 1.681. Af því er tekinn skattur kr. 777, þannig að það sem sjómaðurinn hefur eftir til að greiða fæðið er kr. 904.
- ▶ Það sem sjómaðurinn þarf að greiða fyrir fæðið úr eigin vasa er kr. 1.196
- ▶ Til að fá kr. 1.196 þarf sjómaðurinn að vinna fyrir kr. 2.225
- ▶ Ef við gerum ráð fyrir að þessi sjómaður rói 180 daga á ári þarf hann að vinna fyrir kr. 400.500 til að greiða sinn hlut í fæðinu.

FÆÐI – NÝJI SAMNINGURINN

- ▶ Fæði verður frítt
- ▶ Sjómaðurinn þarf að greiða vegna hlunninda skatt af kr. 1.327.
- ▶ Skattur af hlunnindum er kr. 614. Til að vinna fyrir þeirri tölu þarf sjómaðurinn að vinna fyrir kr. 1.141
- ▶ Ef við gerum ráð fyrir að þessi sjómaður rói 180 daga á ári þarf hann að vinna fyrir kr. 205.380 til að greiða sinn hlut í fæðinu.
- ▶ Sparnaður á ári miðað við þetta eru heildatekjur upp á kr. 195.120
- ▶ Verði fæði dýrara en áætlað var ber sjómaðurinn engan kostnað af því

SJÓMANNAAFSLÁTTURINN

- ▶ Eftir mjög athyglisverða fundi með Þorgerði Katrínu Sjávarútvegsráðherra var ákveðið að hafna aðkomu ríkisins að samningnum
- ▶ Eftir stendur loforð hennar um að endurskoða dagpeningakerfið, og á sú endurskoðun að ljúka í apríl
- ▶ Skilningurinn er sá að væntanlegur ávinningur af þessari endurskoðun á að vera afturvirkur og gilda frá síðustu áramótum

OLÍAN

- ▶ Okkar krafa var að klippa neðan af prósentunum í töflunni þannig að lágmarks skiptaprósenta væri 73% og klippt væri ofan af upphæðunum
- ▶ Þessari útfærslu var alfarið hafnað
- ▶ Verð í töflunni voru uppfærð
- ▶ Afli sem er landað til eigin vinnslu verður með 70,5% skiptaprósentu

LÍNUUPPBÓT

- ▶ Óskert uppbót er kr. 50.000 fyrir 160 daga á sjó
- ▶ Gildir fyrir þá sem róa 110 daga á ári eða meir
- ▶ Lækkar um 2% fyrir hvern dag undir 160 daga
- ▶ Greiðist fyrir 15. janúar hvert ár

SÉRSTÖK KAUPSKRÁRUPPBÓT

- ▶ Óskert eingreiðsla er kr. 300.000 fyrir 180 daga á sjó árið 2016
- ▶ Séu lögskráningardagar færri greiðist fjárhæðin hlutfallslega
- ▶ Greiðist 1. apríl til þeirra sem koma aftur til starfa hjá sömu útgerð eigi síðar en 31. mars 2017
- ▶ Greiðist 1. maí til þeirra sem koma aftur til starfa hjá sömu útgerð frá 1. apríl til 30. apríl 2017

ÞAÐ SEM HEFUR ÁUNNIST Í SAMNINGUNUM

- ▶ Aukin markaðstenging í verðmyndun á afla til eigin vinnslu. Metið sem 5,3% hækkun á fiskverði
- ▶ Kauptrygging, kaupliðir og sektarákvæði hækka. Skiptir miklu máli fyrir þá sem lenda í slysum eða verða langveikir
- ▶ Útgerðarmenn skuldbinda sig til að kaupa brúttórúmllestamælingu á skipin. Þetta kemur í veg fyrir ágreining um hvaða skiptakjör gildi á viðkomandi skipi.
- ▶ Nýsmíðaálagið fellur út 1. des 2030
- ▶ Aukinn orlofsréttur. Þegar menn hafa áunnið sér rétt til aukins orlofs og færa sig til nýs vinnuveitanda tekur 3 ár að vinna sér aftur inn áður áunnin réttindi

ÞAÐ SEM HEFUR ÁUNNIST Í SAMNINGUNUM, FRH.

- ▶ Útgerð sér um búnað við netsamskipti og sjómenn greiða eingöngu sína eigin notkun. Erfitt að verðmeta
- ▶ Uppfærð verð í olíutöflu auk þess sem gólf verður í 70,5% þar sem afla er landað til eigin vinnslu.
- ▶ Ávinningur sjómanna við að fá frían hlífðarfatnað er á bilinu kr. 170.641 til kr. 339.745. á ársgrundvelli
- ▶ Ávinningur sjómanns sem rær 180 daga á ári í fæðiskostnaði er áætlaður kr. 195.120, meiri ef róið er meira
- ▶ Launahækkun metin (meðaltal) úr þessum tveim atriðum (fæði og hlífðarfatnaður) á hvern sjómann á ári er samtals áætlaður kr. 450.313.

BÓKANIR

- ▶ Mönnun og hvíldartími á skipum.
 - ▶ Samgöngustofa gerir athugun með tilliti til öryggis og hvíldartíma og niðurstöður eiga að liggja fyrir á samningstímanum
- ▶ Heildarendurskoðun kjarasamninga, helstu atriði:
 - ▶ Gera samninginn einfaldari og skiljanlegri
 - ▶ Skiptimannakerfi, þarf að skoða og aðlaga að lögum
 - ▶ Skiptaprósenta, endurskoðun og breytingar á útreikningi
 - ▶ Skiptaverðmæti, endurskoðun
 - ▶ Skammtíma ráðningarsamningar
 - ▶ Greiðsluhlutfall í lífeyrissjóði

TIL UMHUGSUNAR

- ▶ Ýtrustu kröfur okkar í olíunni voru að hækka skiptaprósentu um 3%, en það hefði verið 4,28% launahækkun
- ▶ Fyrir sjómann sem er með kr. 10 milljónir á ári í tekjur hefðu launin hækkað um kr. 428.000
- ▶ Fyrir þennan sama sjómann er ávinningur eingöngu af fæðis- og hlífðarfataliðnum í samningnum hærrí en sá ávinningur sem hann hefði haft hefðum við náð ýtrustu kröfum fram í olíuverðsviðmiðinu
- ▶ Þá eru ótalin öll hin málin sem var samið um, en þau skila misjöfnum upphæðum eftir plássum

SAMNINGARÁÐ VERK VEST

- ▶ Finnbogi Sveinbjörnsson
- ▶ Sævar Gestsson
- ▶ Grétar Þór Magnússon
- ▶ Ólafur Skúlason
- ▶ Bergvin Eypórsson